

132 læk að Prestasteini komi vegur, er liggi sem beinasta stefnu úr göt-
12. nóv. unni, er liggur upp Kúadalsbrún að Prestasteini, og vil jeg jafnframt veita
150 kr. úr landssjóði á ári í 2 ár til þess að gjöra greiðfæran veg á þessu
svæði, mót 50 kr. á ári úr sýslusjóði — þeim helmingi sýsluvegagjaldsins, er
ganga á til aðalpóstvega, og móti því að hreppsnefndin ljúki verkinu, þótt hin
veitta upphæð kunni að reynast of lítil.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður, til þóknanlegrar leið-
beiningar og frekari birtingar.

133

5 des.

Auglýsing um póstmál.

Í ársbyrjun 1895 verða, auk tímabreytinga, þær breytingar á fyrir-
komulagi landpóstanna, sem nú skal greina:

A. snertandi aðalpósta:

1. *Vestanpóstur* fer um *Hvol* í *Saurbæ*, en ekki um *Brunná*.
2. *Seyðisfjarðarpóstur* og *Eskifjarðarpóstur* eiga að mætast á Höfða í 2.—14. póstferð incl. báðar leiðir.

B. snertandi aukapósta:

1. *Mýrasýslupósturinn* kemur við í *Borgarnesi* báðar leiðir þegar hann fer í *Kórunes*.
2. *Ólafsvikurpósturinn* fer frá *Ólafsvík sama dag* og *Stykkishólmspósturinn* á að fara frá *Arnarholti* í 1.—5. og 12.—14. póstferð.
3. *Annar Dalasýslupóstur* fer um *Skarðsstöð* en ekki um *Skarð*.
4. *Þriðji Barðastrandarsýslupóstur* (frá *Bæ* að *Stað*) á að koma við báðar leiðir á hinum nýja brjethirðingarstað *Kleifum* í *Gilsfirði*.
5. *Fyrsti Múlasýslupóstur* (*Vopnafjarðarpóstur*) bíður, á leiðinni frá *Seyðisfirði*, á Höfða beggja aðalpóstanna að sunnan og norðan (frá *Akureyri*) í 2.—14. póstferð.
6. *Fjórdi og fimmti Múlasýslupóstur* (frá Höfða) eiga eigi að fara þaðan af stað fyrr en báðir aðalpóstarnir eru komnir sunnan og norðan í 2.—14. ferð.
7. *Sjötti Múlasýslupóstur* (frá *Skjöldólfsstöðum*) fer að *Brú* á *Jökuldal* í staðinn fyrir að *Eiríksstöðum*.

C. snertandi brjethirðingar:

a. Nýjar brjethirðingar verða stofnaðar:

1. Í *Þorlákshöfn*.
2. Á *Kleifum* í *Gilsfirði*.
3. Á *Brú* á *Jökuldal*, en brjethirðingin leggst niður á *Eiríksstöðum*.

b. Þessar brjethirðingar hafa verið fluttar:

1. Brjethirðingin, sem var á *Tóptum* í *Grindavík*, er flutt að *Járngerðarstöðum*.
2. Brjethirðingarstaðurinn í *Selvogi* er nú á *Ertu*, en ekki á *Vogsósum*.

3. Brjefhirðingin, sem var á Skarði á Landi, er flutt að *Fellsmúla*.
4. Brjefhirðingin, sem var á Skarði í Dalasýslu, er flutt í *Skarðsstöð*.
5. Brjefhirðingin, sem var á Brunná, er flutt að *Hvoli* í Saurbæ.
- c. Brjefhirðing leggst niður á Borg á Mýrum.

Reykjavík 5. desembermán. 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Styrkveitingar úr landssjóði.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1894 og 1895, 13. gr. B. VI. b. 2.

Til sveitakennara var með brjefi landshöfðingja 2. nóvember veittur þessi styrkur: (Frh.)

B. Suður- og Vesturamtíð.

I. Skaptafellssýsla.

1. Guðmundur Jónsson í Bjarnanessókn	25 kr.	
2. Bergþór Ólafsson í Einholtssókn	30 —	
3. Vilborg Jónsdóttir í Kálfafellsstaðarprestakalli	50 —	
4. Sigurður Þorsteinsson í Hofshreppi	25 —	
5. Gísli Arnbjarnarson í Kirkjubæjarkl.prestakalli	45 —	
6. Lárus Helgason í Kirkjubæjarkl.prestakalli	40 —	
7. Páll Pálsson í Meðallandi	35 —	
8. Umgangskennari í Álptaveri	30 —	
9. Guðjón Jónsson í Skaptártungu	50 —	
10. Eyjólfur Guðmundsson í Mýrdal	45 —	375

II. Rangárvallasýsla.

1. Böðvar Böðvarsson í Austur-Eyjafjallahreppi	40 kr.	
2. Ágúst Árnason í Vestur-Eyjafjallahreppi	45 —	
3. Jes Anders Gíslason í Austur-Landeyjum	55 —	
4. Einar Jónsson í Vestur-Landeyjum	35 —	
5. Nikulás Þórðarson í Fljótshlíð	30 —	
6. Guðmundur Guðmundsson í Hvolhreppi	45 —	
7. Runólfur Nikulásson í Hvolhreppi	35 —	
8. Guðmundur Vernharðsson á Rangárvöllum og Landi	40 —	
9. Brynjólfur Magnússon í Holtum	55 —	
10. Sigurgeir Sigurðsson í Kálfholtsprestakalli	30 —	410

III. Árnessýsla.

1. Þorsteinn Bjarnason í Gnúpverjahreppi	30 kr.	
2. Jón Jónsson í Hrunamannahreppi	30 —	
3. Kristinn S. Einarsson í Grímsnesi	50 —	
4. Þórður Jasonsson í Villingaholtshreppi	35 —	
5. Sæmundur Sæmundsson á Skeiðum	40 —	
6. Jón Sigurðsson í Gaulverjabæjarhreppi	35 —	
7. Þrír kennarar í Ölfushreppi	50 —	270

IV. Gullbringu- og Kjósarsýsla.

1. Brynjólfur prestur Gunnarsson í Höfnum	35 kr.	
2. Einar Guðm. Þórðarson í Hafnahreppi	50 —	
3. Steinn Sigurðsson í Miðneshreppi	50 —	

Flyt 1055